

Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um erlenda fjárfestingu.

Ráðuneytið fór þess á leit við Seðlabanka Íslands að hann tæki saman svör við fyrirspurninni og fylgja svör bankans.

Athygli er vakin á því að ekki eru fyrir hendi upplýsingar í gögnum bankans um 5. lið fyrirspurnarinnar. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um eignaraðild að erlendum lögaðilum sem hér kunna að hafa fjárfest. Því hefur ráðuneytið ekki handbærar upplýsingar til þess að unnt sé að svara þessum lið.

1. Hversu mikil var erlend fjárfesting á Íslandi á árunum 1998, 1999 og 2000?

Lítið er svo á að í fyrstu þremur liðum fyrirspurnarinnar eigi fyrirspyrjandi við beinar erlendar fjárfestingar.

Innflæði beinnar erlendrar fjárfestingar árið 1998 var 10,5 milljarðar króna, 1999 var það 4,4 milljarðar króna og 12,4 milljarðar króna 2000, sbr. svar við 2. lið.

2. Hvernig skiptist sú fjárfesting á milli atvinnugreina?

Bein fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Í millj. kr.			
Atvinnugreinar og iðnaður	1998	1999	2000*
Bein fjárfesting samtals	10.523	4.423	12.400
Frumvinnsla samtals	1	29	20
Landbúnaður, dýraveiðar, skógrækt og þjónusta tengd sjávarútvegi	7	28	3
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	-6	1	17
Iðnaður samtals	1.677	2.854	10.552
Matvæla- og drykkjarvöruíðnaður	-46	2.339	490
Textíl-, leður og fataiðnaður	-8	0	-2
Útgáfustarfsemi, trjá- og pappírsiðnaður	0	1	-3
Efna- og steinefnaiðnaður	60	-1	3.939
Málmiðnaður	1.702	536	-230
Vélsmiði og vélaviðgerðir	-31	-21	3
Rafmagns- og rafeindaiðnaður			6.355
Þjónusta samtals	8.872	1.540	1.828
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	223	107	487
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	2.258	337	-18
Hótel- og veitingahúsarekstur	0	0	1
Samgöngur, flutningar og fjarskipti samtals	-42	-235	251
<i>Flutningar</i>	122	-79	-17
<i>Fjarskipti</i>	-164	-156	268
Fjármálaþjónusta	3.265	-246	495
Ýmis viðskiptaþjónusta samtals	3.070	1.542	617
<i>Hugbúnaðargerð og skyldi starfsemi</i>	22	1.146	324
<i>Rannsóknir og þróunarstarf</i>	2.653	-58	-247
<i>Önnur viðskiptaþjónusta</i>	395	143	76
<i>Eignarhaldsfélög</i>		312	464
Önnur þjónusta	98	35	-4

Heimild: Seðlabanki Íslands, tölfræðisvið.

*Bráðabirgðatölur.

3. Hvernig skiptist erlend fjárfesting á Íslandi milli landa í árslok 2000?

Bein fjármunaeign erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Í millj. kr.	2000*
Bein fjármunaeign alls	40.861
Iðnríki	39.884
<i>Vestur-Evrópa</i>	28.014
Evrópusambandið	10.935
Austurríki	1
Belgía/Lúxemborg	3.926
Danmörk	4.110
Finnland	143
Frakkland	155
Þýskaland	113
Holland	108
Spánn	-
Svíþjóð	870
Bretland	1.509
Önnur Vestur-Evrópuríki	17.079
Færeyjar	7
Gíbraltar	25
Jersey	0
Noregur	3.352
Sviss	13.695
<i>Norður-Ameríka</i>	11.303
Kanada	65
Bandaríkin	11.238
<i>Önnur iðnríki</i>	567
Ástralía	171
Ísrael	0
Japan	396
Önnur ríki	
<i>Suður- og Mið-Ameríka og Kyrrahafslönd</i>	0
Suður-Ameríka	0
Chile	0
<i>Asía</i>	662
Vestur-Asía	662
Kýpur	662
<i>Mið- og Austur-Evrópa</i>	315
Lettland	315
Rússland	-

Heimild: Seðlabanki Íslands, tölfræðisvið.

*Bráðabirgðatölur.

Ítrekað er að í svörum við 1.–3. lið koma fram upplýsingar um beina erlenda fjárfestingu í fyrirtækjum á Íslandi. Undir beina fjárfestingu falla einungis stærri fjárfestingar sem fela í sér áhrif á stjórn fyrirtækis eða að fjárfestir á 10% eða stærri hlut í fyrirtæki.

4. *Hve mikil voru viðskipti erlendra aðila með hlutabréfi íslenskum fyrirtækjum sem skilgreind voru sem verðbréfavíðskipti?*

Erlendir aðilar seldu innlend hlutabréf umfram kaup fyrir um 6,6 milljarða kr. árið 2000.

5. *Hversu hátt hlutfall erlendra fjárfestinga eru fjárfestingar eignarhaldsfyrirtækja sem eru í eigu Íslendinga?*

Seðlabanki Íslands hefur ekki upplýsingar um þetta.